

17. jan 1940 VÍS

Efling greindar- innar.

I.

Í bók um frú Curie sem nú er mikið ritað um og mikið lofuð, eins og rétt mun vera, stendur að þessi mikla merkiskona hafi hirt „minna en ekkerf um heiðursviðurkenningar“. Þeita getur ekki verið rétt. Frú Curie var vitrari kona en svo að hún teldi viðurkenninguna einskis virði. Hún hafði sjálf fengið að reyna, hvað það þýðir að vera ekki viðurkendur. Í visindafélaginu franska hafði verið lesin upp ritgerð um hinrar stórmerkilegu rannsóknir þeirra hjóna. Enginn þeirra blaðamanna sem alt af eru viðstaddir fundi hins fræga félags, hafði í frásögu sinni af fundinum minst einu orði á hina stórmerkilegu ritgerð. Ástæðan hefir sennilega verið sú, að fyrirrennari þeirra hjóna á þessu rannsóknarsvæði, prófessor Henri Becquerel, sem bau höfðu að visu farið fram úr, hefir, þegar hann flutti félaginu ritgerð þessa, ekki sagt neitt um að hún væri mjög merkileg. En afleiðing þessa skorts á viðurkenningu var m. a. sú, að þegar maður frúarinnar, Pierre Curie,

sótti um minniháttar háskólaembætti, þá var honum synjað. Voru þau hjón farin að ráðgera að flytja burt úr Frakklandi, þegar viðurkenningin kom og bætti hag þeirra.

II.

Sannleikurinn í ofangreindum orðum mun vera á þá leið, að þegar 10. eða 20. visindafélagið gerði frúna að heiðurfélaga sinum, þá hafi hún lesið tilkynninguna um það án geðshræringar. Sbr. það sem jarðfræðingurinn Sir Archiebald Geikie segir um skylt efni, i hinni mjög fróðlegu og ágætlega rituðu aefisögu sinni.

Alment mat á mönnum og aðstaða öll, fer vanalega meir eftir því hversu mikla viðurkenningu þeir hafa hlotið, en hinu, að heint sé litið á það hvers virði mennirnir eru í raun réttri, og verk þeirra. Hefir þá stundum farið svo, og eigi sist á svíði visinda og heimspeki, að hinir ágætustu menn voru a. m. k. framan af, litils metnir. Og hefir af sliku ýmislegt ógott hlotist, því að rétt mat á mönnum og verkum þeirra, er einn af hyrningardeinum góðs þjóðfélags. En þegar ritað er um merkisfólk fortiðarinnar, þá er það oft þannig gert, að fremur miðar til að tefja fyrir því, en greiða, að menn átti sig á því jafngildu fólk sem er mitt á meðal þeirra.

Um jólaþeytið 1939.

Helgi Pjeturss.

LLeiðréttung.

Í greininni: Nokkur orð á Nýjársnótt hafði misprentast styrjaldar f. styrjalda.

Í tónlist Útvarpsins: einnig Evrifides f. einsog Evrifedes o. fl.